

Svör faghóps 3 vegna umsagna í samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. S-229/2024, vegna draga verkefnisstjórnar rammaáætlunar að flokkun tíu vindorkukosta.

Gerð er grein fyrir, og svör gefin við, þeim athugasemdum í umsögnunum sem varða umfjöllun og niðurstöðu faghóps 3 með beinum hætti.

1. Í nokkrum umsögnum er vikið að áhrifum virkjunarkosts á fasteignaverð. Þannig segir í umsögn nr 61. frá Magnúsi Leopoldssyni og Árnýju Helgadóttur, eigendum Hvassafells II, vegna virkjunarkostsins Alviðru: „Eignaverð á svæðinu hefur þegar lækkað vegna áformanna og mun gera það enn frekar ef af framkvæmdum verður, það mun á endanum leiða til lægri fasteignagjalda á svæðinu og tekjumissis fyrir sveitafélagið. Vindorkuver á Grjóthálsi eyðileggur flesta þróunarmöguleika svæðisins sem með réttu má kalla eignaupptöku“. Í umsögn Sigurðar Alberts Ármannssonar, eiganda sumarbústaðar í landi Helgavatns í Þverárhlíð, segir: „Vindorkuver á Grjóthálsi er ein tegund eignaupptöku – eignir á stóru svæði kringum slík fyrirbæri munu falla í verði og matvælaframleiðsla og laxveiði verða úr sögunni“. Fram kemur sú skoðun hjá einhverjum umsagnaraðilum að liður í mati á samfélagslegum áhrifum virkjunarkosts eigi að vera mat á áhrifum hans á fasteignaverð.

Svar faghópur 3: *Faghópurinn hefur ekki lagt mat á áhrif virkjunarkosta á fasteignaverð enda er slíkt mat háð mikilli óvissu og væri vandkvæðum bundið að framkvæma það, að minnsta kosti á þessu stigi mats á samfélagslegum áhrifum.*

2. Í umsögn nr. 69 frá Zephyr Iceland ehf., vegna Mosfellsheiðarvirkjunar segir: „Hin helsta ástæðan þess að verkefnisstjórn rammaáætlunar í drögum sínum skipar Mosfellsheiðarvirkjun I í biðflokk en ekki nýtingarflokk, er að faghópur 3 telur að verkefnið hafi lítið verið kynnt, hvorki fyrir því sveitarfélagi sem það er í eða nágrannasveitarfélögum sem það gæti haft áhrif á. Vegna þessa vill Zephyr Iceland mótmæla því að eitthvað skorti upp á kynningu verkefnisins. Ekkert bendir til annars en að verkefnið hafi og verði kynnt með vönduðum og fullnægjandi hætti lögum samkvæmt. Vakin skal athygli á því að við undirbúning verkefnisins hefur Zephyr Iceland verið í góðum samskiptum við sveitarfélagið og í tengslum við þá vinnu fór fram kynning á verkefninu af þess hálfu fyrir íbúunum. Gagnvart nágrannasveitarfélögum er mikilvægt að hafa í huga að nú stendur yfir mat á umhverfisáhrifum verkefnisins og í því ferli er lögbundið hvernig standa skal að kynningum á verkefnum af þessu tagi. Óheppilegt er að faghópur á vegum rammaáætlunar leggi sitt eigið mat á það hvers konar kynning sé talin „lítil“ eða „mikil“ í þessu sambandi og láti það valda því að verkefninu sé ekki skipað í nýtingarflokk“.

Svar faghóps 3: *Í Samantektarskýrslu úr rannsóknum faghóps 3 um vindorku í 5. áfanga rammaáætlunar kemur fram að í samtölum faghópsins við fulltrúa sveitarstjórnarfólks og haghafa hafi þeir látið í ljós það mat að ekki hafi farið fram mikil umræða meðal íbúa*

viðkomandi sveitarfélaga um virkjunarkostinn Mosfellsheiðarvirkjun I. Einnig kemur fram að einungis 2% svarenda í skoðanakönnun höfðu fengið kynningu á áformum um virkjunina. Þá kemur fram að mjög lítil umræða hafi farið fram í samfélaginu um Mosfellsheiðarvirkjun II og umræðan sé ekki nógu þroskuð til að hægt væri að taka afstöðu enn. Aðeins einn einstaklingur í skoðanakönnun sagðist hafa fengið formlega kynningu á virkjunaráformunum. Faghópurinn leggur ekki mat á hvort kynningar sem fram hafa farið vegna þessara kosta séu „lögum samkvæmt“.

3. A. Í umsögn nr. 74 - Qair Ísland ehf. vegna Sólheimavirkjunar og Hnotasteinsvirkjunar er sagt óljóst hvernig faghópur 3 komist að niðurstöðu röðunar virkjunarkostanna. Vægi viðfanganna sé ekki skilgreint og sé óvissan mikil í ljósi þess hversu mörg viðföng margra virkjunarkosta eru metin óljós. Ekki sé ljóst hvaða tilgangi röðun virkjunarkostanna þjónar ef marktækni niðurstaðna er svo lág vegna óvissu.

Svar faghóps 3: Faghópurinn raðar ekki þeim virkjunarkostum sem hann metur í röð samkvæmt áhrifum þeirra á samfélagið. Matið faghópsins tekur ekki tölulegt gildi heldur er hverju viðfangi samfélagslegra áhrifa fyrir hvern virkjunarkost gefin yrt umsögn, „jákvæð“, „neikvæð“, „óveruleg“ eða „óljós“. Eins og fram kemur í skýrslu RHA sem liggur mati faghópsins til grundvallar eru með þessum hætti dregin saman í stórum dráttum samfélagsleg áhrif viðkomandi virkjunarkosta samkvæmt þeim vísbendingum og gögnum sem fyrir lágu við gerð skýrslunnar.

B. Í umsögn Qair Ísland ehf. segir einnig: „Í sama kafla eftir á bls. 13 segir: „Ljóst er samkvæmt þessu að lögð er rík áhersla á ásýndaráhrifin á beislun vindorkunnar sem slík, þ.e. breytinguna á ásýnd landsins.“ Ekki kemur nægilega skýrt fram hvað vísað er í þessari staðhæfingu til stuðnings og óskað er eftir skýringum á henni“.

Svar faghóps 3: Málsgreinin sem vitnað er til vísar til skýrslu starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um vindorku. Sjá: Starfshópur um vindorku. (2023). Vindorka, valkostir og greining. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Sjá: https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit-skýrslur-og-skrar/URN/Vindorka_skyrsla_april-2023.pdf

C. Í umsögn Qair Ísland ehf. er eftirfarandi athugasemd: „Í kafla 5.3. í sama viðauka segir: „Skynrænt áreiti vindmylla er meðal þess sem hefur áhrif í nærsamfélaginu og á upplifun fólks. Það má ráða af eigindlegum viðtölum að haghafar og almennir íbúar á nærsvæðum vindorkukosta hafi einna mestar áhyggjur af sýnileika og ekki er hægt að gera ráð fyrir að ásýnd batni með tilkomu nokkurs vindorkuvers heldur versí hún að mismiklu leyti.“ Þessi staðhæfing er ekki í samræmi við niðurstöður ofangreindrar könnunar og staðhæfingin er ekki studd gögnum. Óskað er eftir að gögnin sem liggja til grundvallar þessari niðurstöðu verði birt henni til stuðnings.“

Svar faghóps 3: *Vísað er í viðtöl við sveitarstjórnarfólk og haghafa sem fram fóru á vegum faghópsins. Viðtölin voru tekin við aðila á nærsvæði viðkomandi orkukosta þar sem sýnileikabreyting verður að jafnaði mest. Ekki þarf að koma á óvart að aðrar áherslur komi fram í slíkum viðtölum en í skoðanakönnun á landsvísu þar sem svarendur eru beðnir að bera almennt saman mikilvægi sýnileika orkukosta við mikilvægi annarra þátta.*

D. Í umsögn Qair Ísland ehf segir: „Í kafla 4.3.6 skýrslu faghóps 3 segir um könnun sem gerð var meðal íbúa í nærsamfélagi um skynrænt áreiti: „30% svarenda töldu að virkjunin myndi verða að nokkru eða mjög miklu leyti sýnileg úr þeirra nærumhverfi, 6% voru hlutlaus og 64% töldu að virkjunin myndi verða að nokkru eða mjög litlu leyti sýnileg úr þeirra nærumhverfi.“ Hópar þeirra sem töldu að virkjunin yrði að nokkru eða mjög miklu leyti sýnileg úr þeirra nærumhverfi (30%) og þeirra sem töldu að virkjunin yrði að nokkru eða mjög litlu leyti sýnileg úr þeirra nærumhverfi (64%) skarast. Þeir sem telja að virkjunin verði að nokkru leyti sýnileg (en hvorki mjög miklu né mjög litlu leyti) heyra til beggja hópanna og óljóst hvernig þeim hefur verið raðað í hópana. Óskað er eftir frekari sundurliðun á niðurstöðum könnunarinnar m.t.t. þessa“.

Svar faghóps 3: *Vísað er í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunnar, Viðhorf íbúa í nærsamfélagi fyrirhugaðra virkjana, frá janúar 2024. Sjá: https://rshiny.hi.is/public/naersamfelag_virkjana/*

E. Í umsögn Qair Ísland ehf segir: Aðferðir til að leggja hlutlægt mat á sýnileika eru til staðar, s.s. í formi fræðilegra sýnileikakorta og líkanmynda ... Að leggja fyrir fólk, án gagna, að spá fyrir um sýnileikaáhrif mannvirkja, sem þegar hafa verið greind eftir alþjóðlega viðurkenndum aðferðum, er óvísindalegt.

Svar faghóps 3: *Faghópurinn ber fullt traust til Félagsvísindastofnunar, sem annaðist framkvæmd skoðanakönnunar um viðhorf íbúa í nærsamfélagi til fyrirhugaðrar vindvirkjana, og álitur að stofnunin beiti áreiðanlegum vísindalegum aðferðum.*

F. Í umsögn Qair Ísland ehf segir: „Talsvert misræmi er milli könnunar faghóps 3 og könnunar sem Dalabyggð fól Maskínu að framkvæma árið 2021 varðandi afstöðu samfélagsins til fyrirhugaðra vindorkukosta innan Dalabyggðar. Sá tími sem leið milli kannanna eða mismunandi uppbygging spurninga gæti útskýrt þetta misræmi en án gagna að baki könnun faghópsins er samanburðurinn ótækur. Í ljósi mikils misræmis milli kannanna faghópsins og annarra kannanna er faghópurinn eindregið hvattur til að birta þær í stað að vísa einungis í niðurstöður“.

Svar faghóps 3: *Sjá Viðhorf íbúa í nærsamfélagi fyrirhugaðra virkjana, janúar 2024: https://rshiny.hi.is/public/naersamfelag_virkjana/*

G: Í umsögn Qair Ísland ehf segir: „Óskað er eftir að gögn að baki könnun faghóps 3 verði birt og sanngirni gætt í umfjöllun Maskína framkvæmd í búakönnun fyrir Qair varðandi Hnotastein og leiddi könnunin í ljós að í Norðurþingi voru 47,5% íbúa mjög eða fremur hlynnt því að vindorkuverið að Hnotasteini yrði reist á næstu tíu árum og 18,9% hlutlaus. Mjög andvíg voru 20,8% og fremur andvíg 12,8%. Könnunin var framkvæmd skömmu eftir könnun faghóps 3, eða í janúar 2024. Tölfræðilegar upplýsingar um þau atriði, sem við á, má sjá í Viðauka II. Athygli vekur hversu mikill munur er milli þessara kannana þó afskaplega stutt sé á milli þeirra. Sérstaklega í ljósi niðurstaðna könnunar faghóps 3 um að Hnotasteinn sé best kynnta vindorkuverkefnið af þeim sem eru til umfjöllunar í rammaáætlun, eða um tvöfalt betur kynnt en Garpsdalur, sem er sérstaklega hælt af verkefnisstjórn fyrir hversu vel kynnt það er í nærsamfélaginu. Hnotasteinn hlýtur ekkert slíkt lof þrátt fyrir orð faghóps 3 í skýrslu sinni, sem segir; „Bestu kynninguna virtust íbúar á nærsvæði Hnotasteins í Norðurþingi hafa fengið.“ Qair óskar í ljósi ofangreinds eftir því við faghóp 3 að hann birti kannanir sínar í heild sinni og setji niðurstöður þeirra í samhengi við önnur gögn sem málið varða.

Svar faghópsins: *Sjá Viðhorf íbúa í nærsamfélagi fyrirhugaðra virkjana, janúar 2024:*
https://rshiny.hi.is/public/naersamfelag_virkjana/

4. Umsagnir Samorku, Orkuveitu Reykjavíkur og Viðskiptaráðs um niðurstöður faghóps 3 varða að verulegu leyti sömu atriði og er því eingöngu vísað hér til umsagnar Samorku.

A. Í umsögn Samorku nr. 75 segir um efnahagslegan ávinning: „Um þennan matsþátt segir í kafla 5.3 Megindrættir áhrifa í skýrslu faghóps 3. „Ekki hefur verið reynt að áætla umfang efnahagslegs ávinnings þessara orkukosta þrátt fyrir að í vinnu faghópsins hafi komið fram mikið vægi þessa viðfangs“. Gera verður alvarlega athugasemd við þessa vinnu og hefði hér að lágmarki verið hægt að horfa til fyrirliggjandi gagna um efnahagslegan ávinning orkuframkvæmda. Hér má t.d. benda á skýrslu frá Deloitte frá október 2024 þar sem metin eru fasteignagjöld sveitarfélaga af vindorkuverum. Kemur þar fram að áætluð fasteignagjöld til sveitarfélags vegna 100 MW vindorkuvers gæti númið 1,6 – 3,5 milljörðum króna yfir 25 ára tímabil, eða um 65 – 140 milljónir kr. á ári. Í skýrslu Deloitte er í fjórum mismunandi dæmum áætluð árleg fasteignagjöld á hvert MW og eru þau á bilinu 700 þúsund – 1,4 milljónir króna, eftir mismunandi stærð og umfangi vindmyllu. Sjá hér skýrslu Deloitte um fasteignagjöld af vindorkuverum. Séu allir 10 vindorkukostirnir teknir saman (889MW) og áætlað að 1 MW skili um það bil 1 milljón króna í fasteignagjöld á ári, er auðvelt að sjá að í heild mundu vindorkukostirnir skila um 889 milljónum króna í gjöld til samfélagsins á ári hverju og er þá eingöngu horft á þá afmörkuðu tekjuöflun hins opinbera sem felst í fasteignagjöldum sem renna til sveitarfélags. Þá hafa aðrir aðilar fjallað um efnahagsleg áhrif orkuframleiðslu í víðara samhengi. Þannig hafa Samtök iðnaðarins lagt mat á þjóðhagslegt tap vegna orkuskerðinga. Í greiningu þeirra kemur fram að 14-17 ma.kr. útflutningstekjur þjóðarþúsins hafi tapast vegna skerðinga Landsvirkjunar á raforku á tímabilinu janúar – maí 2024. Þá kemur jafnframt fram að gera megí ráð fyrir að skerðingar fari vaxandi á næstu árum, hvort sem áætlanir um framkvæmdir í raforkuferfinu haldi áætlun eða tefjist enn frekar. Þá hefur EFLA reiknað út þjóðhagslegan kostnað raforkuskerðinga 2021-2022 og var hann metinn vegna

skerðinga vatnsárið 2021/2022 á kr. 5 milljarða.³ Eru hér einungis sett fram afmörkuð og takmörkuð dæmi til að benda á þann gríðarlega efnahagslega ávinning sem felst í aukinni raforkuframleiðslu. Það er að sjálfsögðu eitt af lykilhlutverkum verkefnisstjórnar að framkvæma slíkt mat og nýta þau úrræði og þann tíma sem verkefnisstjórn tekur í sína vinnu til að framkvæma slíkt mat á faglegan hátt, þannig að raunverulega sé hægt að meta og leggja til grundvallar efnahagsleg áhrif nýtingar, líkt og lög um verndar- og orkunýtingaráætlun mæla fyrir um. Í niðurstöðu faghóps 3 er ekkert fjallað um almennan efnahagslegan ávinning af aukinni raforkuframleiðslu. Niðurstaðan er þó jákvæð í tilviki Garpsdals og er það fyrst og fremst þar sem sveitarstjórn Reykhólahrepps lítur áformaðan samfélagssjóð virkjunaraðila jákvæðum augum og heldur meiri væntingar eru um efnahagsleg áhrif á nærsvæðinu samkvæmt könnun en í tilviki annarra orkukosta (bls. 51). Samorka gerir af þessum sökum athugasemd við þá niðurstöðu sem birtist hjá faghóp 3 um efnahagslegan ávinning vindorkuverkefnanna“.

Svar faghóps 3: *Faghópur 3 bendir á að tilvitnuð skýrsla er samantekt á viðtölum og könnunum. Þar var því ekki gerð grein fyrir útreikningum á tekjum nærsamfélags af rekstri vindvirkjana. Faghópurinn tekur undir að það er bagalegt að ekki er búið að skilgreina tekjur nærsamfélags af vindvirkjunum og meðan það hefur ekki verið gert er erfitt að áætla þær. Viðhorf viðmælenda í nærsamfélögum endurspeglar þennan vanda og að meðan staðan er þessi halda mörg sveitarfélög að sér höndum. Á vegum faghóps 3 hafa raunar verið áætlaðir fasteignaskattar út frá afl virkjana og niðurstaða þeirra útreikninga er svipuð og Deloitte hefur komist að eða rétt rúmlega 100 mkr. fyrir 100 MW virkjun. Fasteignaskattar af 100 MW vatns-eða aflsvirkjun er hins vegar lægri eða að meðaltali um 60 mkr. á ári. Hvort afl vindvirkjana verði notað sem andlag tekna af þeim er þó alls óvíst meðan reglur um þetta hafa ekki verið skilgreindar. Miðað við hvernig núverandi fjórar vindmyllur í landinu, eða neðsti hluti þeirra, eru skattlagðar sem „hús“ og skilgreindar í fasteignaskrá virðist stærð mannvirkisins við jörð frekar vera andlag fasteignaskatts. Þær eru hver 0,9 og 0,95 MW að stærð. Stærð mannvirkisins við jörð eykst hægar en afl vindmylla og þess vegna myndu fasteignagjöld hinna stóru vindmylla sem áform eru eða 5-7 MW vera lægri en ef miðað væri við afl þeirra.*

B. Í umsögn Samorku nr. 75 segir um orkuöryggi og jafnt aðgengi að orku: „Engin greining og ekkert mat á orkuöryggi og þýðingu vindorkuverkefnanna fyrir orkuöryggi þjóðarinnar liggur fyrir við mat verkefnisstjórnar. Í niðurstöðu faghóps 3 er í umfjöllun um orkuöryggi eingöngu vísað til samtala við sveitarstjórnarfólk um hvort tilteknir einstaklingar telji að tiltekið verkefni hafi áhrif á orkuöryggi og jafnt aðgengi að orku á því svæði sem framkvæmdin er. Þó vissulega sé gott að vita hvað sveitastjórnarfulltrúum og öðrum haghöfum á viðkomandi svæðum finnst um virkjunarkostinn og hvað þeir halda um þýðingu virkjunarkostsins fyrir orkuöryggi og jafnt aðgengi að orku, þá getur það vart talist fullnægjandi greining á þessum mikilvæga þætti.

Í skýrslu starfshóps um starfsumgjörð fyrirtækja á orkumarkaði segir t.a.m. á bls. 42: „Á Íslandi er orkuskortur sem verður viðvarandi til 2030 ef ekki verður hafist handa við aukna orkuöflun með hraði. Nýleg raforkuspá Landsnets lýsir þróun á framboði og eftirspurn raforku hér á landi fram til ársins 2060. Í spánni er dregin upp mynd þar sem stjórnvöld ná ekki

loftslagsmarkmiðum sínum í tæka tíð og líkur eru taldar á aflskorti yfir nánast allt tímabilið með tilheyrandi orkuóryggi og verðhækkunum. Að sama skapi gerir ný orkuspá Orkustofnunar ráð fyrir skerðingum til lengri tíma í slæmum vatnsárum.“

Um afleiðingar orkuskorts segir einnig í sömu skýrslu (bls. 42): „Birtingarmynd orkuskortsins er tvíþætt, til skemmri tíma munu öflug orkuskipti, þar sem olíu er brennt í smærri iðnaði og sjávarútvegi í stað þess að nota raforku, gera að engu allan þann markverða loftslagsávinning sem hefur náðst á undanförunum árum og kann að kosta stjórnvöld milljarða á ári. Hin birtingarmyndin og sú sem mun taka lengri tíma að raungerast er glötuð tækifæri fyrir íslenskt efnahagslíf og skert samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og lífskjör almennings.“

Varðandi samfélagsleg áhrif virkjana má vísa til sömu skýrslu þar sem segir t.a.m. um orkuskiptin að þau séu margþætt ferli, þar sem í augum neytenda, stórra og smárra, varðar mestu að orkuóryggi sé fyrir hendi. Þá hafa á undanförunum árum birst fjöldi skýrslna sem draga fram það alvarlega ástand sem er í orkubúskap þjóðarinnar og aukinni orkuþörf til næstu ára og áratuga. Að þessu er í engu vikið með faglegum hætti í niðurstöðu verkefnisstjórnar og faghópa. Samorka gerir athugasemd við þá niðurstöðu sem birtist hjá faghóp 3 um orkuóryggi og jafnt aðgengi að orku“.

Svar faghóps 3: Rétt er að í þeirri skýrslu sem vísað er til var eingöngu um samantekt á viðtölum og könnunum að ræða. Rétt er að árétta að verkefni faghóps 3 varða áhrif í nærsamfélagi virkjana. Hvað varðar hlutverk vindorku í að auka raforkuframboð og raforkuóryggi virðist réttara að líta til áhrifa á landsvísu en staðbundið. Vindvirkjanir þurfa að tengjast öflugum flutningsneti raforku og að vinna með vatnsvirkjunum og vindvirkjunum víðsvegar um landið.

C. Í umsögn Samorku nr. 75 segir um innviðauppbýggingu: „Umfjöllun um innviðauppbýggingu er sama marki brennd og önnur umfjöllun hjá faghópi 3, þ.e. hún er byggð á viðtölum við sveitastjórnarfolk og haghafa og könnun meðal íbúa í nærsamfélagi. Er megináherslan þar á hvort viðkomandi kostur hafi áhrif á samgöngur og vegakerfi, þó í einu tilviki sé fjallað um möguleg jákvæð áhrif á flutningskerfið og uppbyggingu á fjarskiptum. Til að meta og greina áhrif virkjanaframkvæmdanna á innviðauppbýggingu þyrfti að fara fram fagleg skoðun og greining á þeim m.t.t. áforma vindorkuframleiðenda, Landsnets, umsjónaraðila hafna landsins, fjarskiptafyrirtækja og eftir atvikum annarra aðila. Í þessu sambandi má til að mynda benda á áætlanir Landsnets eins og þær birtast í kerfisáætlun og umhverfismatsskýrslum. Í umhverfismatsskýrslu um Holtavörðuheildarlínu 1 segir að eitt meginmarkmið hennar sé að „stuðla að orkuskiptum í landinu, með því að gera það mögulegt að tengja nýja endurnýjanlega orkuframleiðslu við meginflutningskerfið. Þá kemur fram í umhverfismatsskýrslu að Holtavörðuheildarlína 1 og 3 hafi hærri flutningsgetu en aðrar línur í byggðalínuhringnum og þar séu m.a. tekin með í reikninginn áform um vindorkuver ofan Blönduvirkjunar og á Vesturlandi.“

Hér birtist það t.a.m. ágætlega að uppbygging á flutningslínunum sem felur í sér gríðarlega mikilvæga innviðauppbýggingu og spilar lykilhlutverk í að stuðla að orkuskiptum og tryggja orkuóryggi er að eiga sér stað meðal annars vegna fyrirhugaðrar uppbyggingu vindorkuvera á

Vesturlandi. Það er þannig undarleg niðurstaða að komast heilt yfir að því, eftir viðtöl við tiltekna einstaklinga, að innviðauppbýgging í tengslum við virkjanaframkvæmdirnar sé „óveruleg.“ Samorka gerir athugasemd við þá niðurstöðu sem birtist hjá faghóp 3 um innviðauppbýggingu og að hún verði í tilviki allra virkjunarkostanna „óveruleg“

Svar faghóps 3: *Það er rétt að sterkir raforkuinnviðir eru forsenda virkjana og þær leiða gjarnan til styrkingar á þeim þar sem þeir eru of veikir fyrir, þetta helst jafnan hönd í hönd og vísað á almennan hátt til þessa orsakasamhengis í skýrslunni. Í aðferðafræði faghópsins er hins vegar fyrst og fremst átt við áhrif í nærsamfélagi á annars konar innviðauppbýggingu s.s. vegi, fjarskipti og fleira, ef til vill kom þetta ekki nógu skýrt fram en um þetta var fjallað í fyrri skýrslu faghópsins* ([17363_matsvisar_og_mat_fimm_kosta_fagh_3_uppfaert_mars_2024160.pdf](#)) *um þróun matsvísanna.*

5. Í umsögn wpd Ísland ehf., nr. 76, segir um mat á Hrótmúlavirkjun: „Samfélagsleg áhrif í skýrslu verkefnastjórnar er minnst á að verkefnið mæti andstöðu nærsamfélags í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í samantekt rannsókna faghóps 3 koma fram niðurstöður skoðanakönnunar sem hópurn stóð fyrir. Þar kemur fram að 31% svarenda í nærsamfélagi Hrótmúlavirkjunar séu hlynnt eða mjög hlynnt þessum virkjunaráformum og að 40% séu hvorki hlynnt né andvíg. Einnig kemur fram að niðurstaðan hafi ekki verið í samræmi við lýsingar hagaðila á andstöðu við verkefnið. Því telur wpd óljóst á hvaða upplýsingum verkefnastjórn byggir fullröngu sína á um andstöðu nærsamfélags. Ljóst er að ekki er hægt að draga jafn eindregnar ályktanir og gert er miðað við niðurstöður áður nefndrar skoðanakönnunar ... Faghópur 3 bendir á að það komi á óvart að áformin hafi ekki verið kynnt af virkjunaraðilum. Eins og fram kemur hér að ofan kynnti Gunnbjörn ehf. virkjunarhugmyndina fyrir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í tvígang og wpd hefur verið í sambandi við næstu nágranna verkefnisins, ásamt því að hafa haldið opna kynningafundi innan sveitarfélagsins“.

Svar faghóps 3: *Niðurstöður faghópsins varðandi sátt og samheldni og varðandi kynningu og umræðu í samfélaginu um virkunarkosti byggjast annars vegar á skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun framkvæmdi fyrir faghópinn og hins vegar á viðtölum faghópsins við sveitarstjórnarfolk og haghafa. Eins og fram kemur í skýrslu RHA fyrir faghópinn kom meðal annars fram óánægja meðal sveitarstjórnarfulltrúa og hagaðila með að ekki hefði verið rætt um áformaða Hrótmúlavirkjun við þau og að engin samráðsfundur hefði verið haldinn í samfélaginu. Virtist andstaða við virkjunarkostinn að talsverðu leyti tengjast þessu. Rétt er einnig að benda á að stærstur hluti svarenda í skoðanakönnun í nærsamfélagi tekur ekki afgerandi afstöðu til virkjunarkostsins, sem getur sömuleiðis bent til að hann þurfi betri kynningu og umræðu.*

6. Í umsögn Vegagerðarinnar, nr. 89, segir: „Ítarlegri umfjöllun um uppbyggingu samgönguinnviða og truflun vegna flutninga hefði verið æskileg, t.a.m. í niðurstöðu faghóps

3. Ekki tekið tillit til kostnaðar við nauðsynlega uppbyggingu vegakerfisins. Þá er heldur ekki tekið tillit til samfélagslegs kostnaðar vegna takmarkana og röskunar á umferð.

Svar faghóps 3: *Faghópurinn mun taka þessa athugasemd til skoðunar.*

7. A. Í umsögn frá Hróti ehf vegna Alviðru segir: „Í skýrslu faghóps 3 virðist vera einhver misskilningur um fjarlægðarmörk í Þýskalandi en samkvæmt upplýsingum okkar eru þau mismunandi eftir sambandslýðveldum. Er ekki vitað til þess að íslensk stjórnvöld hafi litið til Þýskalands sem fyrirmyndar um þennan þátt, enda ástæður í þéttbýlinu þar ólíkar því sem hér er. Þá eru heimildir okkar þær að lágmarksfjarlægð vindmyllu í Skotlandi, sem vísað er til, miði við 2 km frá þéttbýlismörkum en ekki næsta íbúðarhúsi. Á grundvelli þessarar efnislega röngu fullyrðingar er svo könnuð búseta innan 2 km radíus. Þar er svo ranglega miðað við 2 km radíus frá jarðamörkum eða öðrum viðmiðum en ekki staðsetningu vindorkuversins. Með þeirri röngu viðmiðun fjarlægðarútreikninga eru svo ranglega einhver hús talin innan 2 km frá vindorkuverinu. Í 2 km radíus frá vindorkuverinu Alviðru eru engin hús með fastri búsetu önnur en íbúðarhúsin á Hafþórsstöðum og Sigmundarstöðum sem sjálf standa að verkefninu. Því er rangt að 15 manns eigi lögheimili innan nefnds radíus því þeir eru aðeins 9, þar af 8 fullorðnir. Á þessum ranga grunni er svo bollalagt um að nálægð íbúðarhúsa í innan við 2 km radíus valdi andstöðu í nærsamfélagi. Eðlilegast er að fella þennan kafla úr skýrslunni“.

Svar faghóps 3: *Faghópurinn álitur að þau fjarlægðarmörk sem miðað er við í mati hans, það er fjöldi íbúa sem á heimili í 2, 10 og 40 km fjarlægð frá vindorkukostum, varpi mikilvægu ljósi á umfang skynræns áreitis vegna umræddra orkukosta. Í skýrslu RHA fyrir faghópinn er engu slegið föstu um þýðingu þess að 15 íbúar eru skráðir í innan við 2 km fjarlægð frá Alviðru, samkvæmt gögnum frá Landmælingum. Einungis er sagt að áhrifin á umrædda íbúa virðist vera neikvæð og því sé ástæða til að skoða þann þátt nánar.*

B. Í umsögn frá Hróti ehf vegna Alviðru segir: „Neikvæð könnun kemur á óvart og hefur mikið vægi í samantekt. Jákvæð könnun var gerð af Maskínu 2 árum fyrr með spurningum sem Dalabyggð hafði notað í sínum rannsóknum. Við athugun kemur í ljós að faghópurinn hefur látið Félagsvísindastofnun spyrja um viðhorf til vindorkuvers Alviðru í Norðurárdal. Alviðra er ekki í Norðurárdal. Það er hrein staðreyndarvilla, skiptir miklu máli og brenglar allar niðurstöður. Væru framkvæmdaaðilar sjálfir spurðir hvort þeir styddu vindorkuver í Norðurárdal gætu þeir allt eins svarað nei. Þannig háttar til að í mikilli fjarlægð frá Alviðru, meira en 10 km, í skjóli af skógi og Grábrók eru í Norðurárdal útivistarsvæði þar sem fráleitt væri að byggja vindorkuver. En Alviðra er uppi á Grjóthálsi, uppaf framdalnum sem er snauður, mest í eyði og Þjóðvegur 1 yfirgnæfandi í umhverfinu. Þegar spurt var í fyrri könnun hvort fólk sé jákvætt eða neikvætt gagnvart virkjun á Grjóthálsi var niðurstaðan mun jákvæðari, en þegar spurt er um vindorkuver í dalnum sjálfum er hún neikvæð og þarf ekki að koma á óvart. Fyrir þau sem ekki þekkja til staðhátta má bera saman að töluverður munur myndi trúlega mælast hjá Reykvíkingum eftir því hvort spurt væri um viðhorf til vindorkuvers uppi á Hólmsheiði eða í Heiðmörk. Væru þeir trúlega töluvert neikvæðari gagnvart síðari spurningunni. Ef draga ætti fram í spurningu nærsvæði mætti kannski orða svo: Vindorkuver á Grjóthálsi við

Holtavörðuheiði, þar sem háspennulínan liggur milli Norðurárdals og Þverárhlíðar. Hefðum við ekkert við slíkt orðalag að athuga. Hins vegar var könnunin eins og hún var sett fram og birt í skýrslunni byggð á ósannri fullyrðingu og ómarktæk fyrir vikið. Kemur enda fram að stærstur hluti aðspurðra veit ekki mikið um hvað verið er að spyrja og halda 69% að vindorkuverið sjáist vel úr þeirra daglega umhverfi enda spurt um Norðurárdal. Faghópurinn mælir það hinsvegar sjálfur að aðeins 212 einstaklingar eða 5% íbúa sveitarfélagsins munu sjá í vindorkuverið frá heimilum sínum í innan við 10 km fjarlægð. Þá var í könnuninni vísað til áttar og fjarlægðar frá Bifröst sem hefur getað skapað misskilning um hvort verið væri að vísa til vindorkuversins á Grjóthálsi eða vindorkuversins Múla á næsta hálsi“.

Svar Faghóps 3: *Alviðra er á Grjóthálsi sem myndar suðaustur hlíð Norðurárdals og er nafnberinn Grjótháls við nafnberann Norðurárdal á sumum nákvæmustu kortum sem ná til landsins alls; 1:50.000 og 1:100.000. Að jafnaði má jafnframt líta svo á að hlíðar, allt að vatnaskilum á hálsum uppi, teljist til viðkomandi dals. Í þessu ljósi, og í ljósi þess að Norðurárdalur er þekktasta „kennileitið“ á svæðinu – mun þekkta en Grjótháls – var eðlilegt að vísa til hans í umræddri skoðanakönnun. Hafa þarf jafnframt í huga að könnunin er gerð meðal íbúa í nærsamfélagi sem alla jafna þekkja til staðháttar. Þetta á sérstaklega við um virkjunarkostinn Alviðru en óvenju hátt hlutfall svarenda, 41%, í könnun í nærsamfélaginu sagðist hafa frekar eða mikla þekkingu á þessum virkjunaráformum, samanborið við aðeins 2-23% svarenda í nærsamfélagi hinna orkukostanna sem spurt var um í könnuninni.*

C. Í umsögn frá Hróti ehf vegna Alviðru segir: Í skýrslunni er Alviðra ekki talin auka orkuöryggi ólíkt sumum öðrum verkefnum. Hjalagður er tölvupóstur frá Landsneti frá 19. desember 2024, en þar kemur fram að augin möskvun orkukerfisins auki öryggi. Ný framleiðslueining auki möskvun, en líka ný tengivirki. Nú getur faghópurinn haft þá skoðun að öll verkefni séu framleiðslueiningar og því leiði það eitt og sér ekki til þess að verkefni teljist auka orkuöryggi. Hitt er staðreynd að aðeins sumum verkefnum fylgja ný tengivirki. Íbúar Norðurlands, Vesturlands og Vestfjarða þekkja afar vel straumleysi vegna Hrutatungulínu sem liggur um Alviðru og yfir Holtavörðuheiði. Aukið orkuöryggi með nýju tengivirki einmitt þar er því mikilvæg og einfaldlega rangt að greina ekki frá því við einkunnagjöfina. Þar sem tengivirkið mun rísa hefur m.a. gert slík veður að byggðalínan hrundi við fyrirhugað framkvæmdasvæði vindorkuversins. Það er þessvegna einfaldlega staðreynd að Alviðra eykur orkuöryggi og skylt að geta þess í skýrslunni. Kemur það enda fram í viðtali faghópsins við sveitarstjórnarfulltrúa að þeir telja verkefnið auka orkuöryggi á svæðinu (sjá kafla 4.1.2 bls. 16 í niðurstöðu faghóps 3).

Svar faghóps 3: *Faghópi 3 er falið að rannsaka og meta áhrif í nærsamfélagi. Hvað varðar hlutverk vindorku í að auka raforkuframboð og raforkuöryggi virðist rétt að líta til áhrifa á landsvísi, vindvirkjanir þurfa að tengjast öflugum flutningsneti raforku og að vinna með vatnsvirkjunum og vindvirkjunum víðsvegar um landið og stuðla því að eflingu kerfisins eftir atvikum. Bent er á í greinargerð faghópsins að Alviðra er meðal þeirra vindvirkjana sem eru utan gosbeltisins og fjarri öðrum virkjunum og leggi því nokkuð meira til orkuöryggis þjóðarinnar og dreifi áhættu heldur en virkjanir sem eru áformaðar á svæðum þar sem meiri jarðvæ er.*

8. Í umsögn frá Samtökum atvinnulífsins segir: „Samtökin hafa nokkrar athugasemdir við fagvinnuna sem liggur að baki þessum drögum. Sem dæmi má nefna að í skýrslu faghóps þrjú er vísað í viðtöl við sveitarstjórnarfólk og hagaðila. Þó skoðanir hagaðila fái ágætis umfjöllun í skýrslunni, kemur hvergi fram hverjir þessir aðilar eru né hverra hagsmuna þeir gæta“.

Svar faghóps 3: Sú skýrsla sem lögð var fram af verkefnisstjórn inniheldur m.a. samantekt á ítarlegri rannsókn sem byggði á viðtölum (Hjalti Jóhannesson og Marta Einarsdóttir. (2023). Átta vindorkuver í 5. áfanga rammaáætlunar. Viðhorf í nærsamfélagi um samfélagsleg áhrif. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri). Þar var ákveðið að hafa ummæli ekki beint eftir einstaklingum þar sem málefnið getur reynst viðkvæmt, m.a. vegna návígis fólks á fámennum svæðum. Því var lofað að vitna ekki beint til orða einstakra aðila nema sérstakt leyfi væri fengið til þess hjá viðkomandi.

9. Í umsögn Guðrúnar Jónsdóttur og Davíðs Aðalsteinssonar frá Arnbjargarlæk segir: „Niðurstöður faghóps 3 sýna greinilega neikvæð samfélagsleg áhrif orkuversins í Alviðru. Orkuverið kemur langverst út allra orkuvera sem metin voru þegar kemur að andstöðu í nærsamfélagi, verst út þegar kemur að áhrifum á samstöðu í sveitarfélaginu og langverst út þegar kemur að áhrifum á efnahag, atvinnutækifæri og eigin atvinnumöguleika. Þessi afar slæma einkunn sem orkuverið fær í greiningu faghóps 3 vekur spurningar um hvort niðurstöður faghóps 3 ættu ekki að nýtast til ákvörðunar um verndun landsvæða gegn slíkum orkuverkefnum. Þar sem verið er að beita fjölvíðri greiningu við röðun orkuvera hlýtur að skynsamlegt sé að aðrir þættir en aðeins bein áhrif á náttúru geti leitt til flokkunar valkosta í verndarflokk. Í samantektartöflu á bls 56 vekur athygli að þrátt fyrir yfirgnæfandi líkur á neikvæðum áhrifum á efnahagslegan ávinning skv greiningum faghópsins er talið að efnahagslegur ávinningur sé „óljós!“. Einnig er sagt að „áhrif utan nærsamfélags“ séu metin „jákvæð“ þrátt fyrir að greiningar faghópsins styði ekki þá niðurstöðu (bls 18) og óumdeildur gríðarlegur sýnileiki orkuversins hlýtur að hafa neikvæð áhrif utan nærsamfélags. Faghópurinn þarf að endurskoða lokaniðurstöðu þessarar tveggja viðfanga“.

Svar faghóps 3: Í skýrslu RHA fyrir faghóp 3 er ekki lagt mat á efnahagsleg áhrif vindorkukostanna sem fjallað er um. Á hinn bóginn er gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem komu fram í viðtölum faghópsins við sveitarstjórnarfólk og hagaðila þar að lútandi, og einnig niðurstöðum skoðanakönnunar meðal íbúa í nærsamfélagi virkjunarkostanna. Áhrifin voru af þessum sökum metin óljós. Hvað mat á áhrifum utan nærsvæðis varðar þá er bent á í greinargerð faghópsins að Alviðra er meðal þeirra vindvirkjana sem eru utan gosbeltisins og fjarri öðrum virkjunum og leggi því nokkuð meira til orkuöryggis þjóðarinnar og dreifi áhættu heldur en virkjanir sem eru áformaðar á svæðum þar sem meiri jarðvá er fyrir hendi.

10. Í umsögn Yngva Daníels Óttarssonar segir að ekki sé vikið að áhrifum plastmengunar frá vindmylluspöðum á heilsu manna eða húsdýra.

Svar faghóps 3: Faghópnum er ekki kunnugt um að rannsóknir hafi enn sem komið er varpað óyggjandi ljósi á áhrif plastmengunar frá vindmylluspöðum á heilsu manna og dýra.